

Fréttabréf



Leit að betri framtíð

Tillaga uppstillingarnefndar

Sumarútleiga orlofshúsa 2021



VEIÐIKORTIÐ 2021

Veiðikortið fyrir 2021 er til sölu, meðan birgðir endast. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 36 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Kortið kostar 8.900 krónur í almennri sölu en 5.000 krónur fyrir félagsmenn FIT. Hver félagsmaður getur keypt eitt veiðikort. Glæsileg handbók fylgir hverju seldu korti þar sem má finna leiðbeiningar og reglur. Kortið gildir fyrir einn fullorðin. Börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgd korthafa. Kortið er ekki skráð á nafn þannig að auðvelt er að nota það í gjafir fyrir veiðiáhugafólk. Kortið verður til sölu á orlofssíðu FIT.



BRIDGE

Áfram er fyrirhugað að vera með bridge-kvöld á nýju ári ef Covid-19 leyfir. Þá verður spilað aðra hverja viku fram til vors. Allir velkomnir. Vinsamlegast fylgist með heimasíðu FIT þar sem spilakvöldin verða auglýst.

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Líkaðu við facebook síðu FIT

Við minnum á að allar fréttir af fit.is birtast jafnóðum á facebook-síðu félagsins. Þar á meðal allar tilkynningar um laus orlofshús en laus hús eru auglýst með litlum fyrirvara ef einhver hefur hætt við bókun. Þá er hægt að grípa hnossið og skella sér í bústað yfir helgi.

FÉLAGSSKÍRTEINI

Mínum á að allir félagsmenn FIT geta sótt um félagsskírteini hér hjá okkur á Stórhöfða 31 eða sent póst á helga@samidn.is. Félagsskírteini veita félagsmönnum afslátt hjá fjölda fyrirtækja. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Það má nálgast upplýsingar um fyrirtækin á mínum síðum á fit.is



DAGBÓK FIT 2021

Dagbókin 2021 er fánleg fyrir félagsmenn FIT. Dagbókin er með upplýsingasíður um FIT og í henni má finna ýmsan gagnlegan fróðleik. Félagsmenn geta sent okkur póst á netföngin helgaa@2f.is eða helga@2f.is eða hringt í símanúmer 540-0100. Við munum senda ykkur eintak af bókinni strax hvert á land sem er.



IDAN-FRÆÐSLUSETUR

Ný námskeið á vorönn

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða á vorönn. Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í Iðunni, bæði sérhæfð fagnámskeið og námskeið almenns eðlis.

Verð á námskeið Iðunnar eru tvenns konar. Félagsmenn sem greitt er af í endurmenntunarsjóð, af atvinnurekanda, greiða lægra gjald þar sem búið er að niðurgreiða þau námskeið fyrir félagsmenn. Allar upplýsingar um námsframboð er að finna á heimasíðu Iðunnar: idan.is

Sú launahækkun sem samið var um í síðustu kjarasamningum, kemur almennt til framkvæmda 1. febrúar, nema hjá þeim sem eru á fyrirfram greiddum launum. Þeir sem eru á fyrirframgreiddum launum ættu að vera búnir að fá umsamdar hækkanir.

Ég tel að við getum gengið nokkuð sátt frá borði í þessari lotu. Þrátt fyrir að kjarabarátta hafi hvorki upphaf né endi. Okkar fólk hefur staðið sig mjög vel í þeirri vinnu sem hefur farið fram við gerð kjarasamninga og útfærslu þeirra. Það er alltaf talsvert álag sem fylgir þeirri vinnu enda mikið í húfi. Það reynir verulega á okkur öll ef árangur á að nást í kjarasamningum, bæði þá sem hafa forystu í samningaviðræðunum og ekki síður á félagsmennina á vinnustöðunum. Markmiðið er ávalt það sama: að ná sem bestum árangri varðandi starfskjör og starfsskilyrði fyrir okkar fólk. Vinna við útfærslu á vinnutímastyttingu er langt kominn í mörgum fyrirtækjum og stofnunum og bindum við miklar vonir við að sú vegferð bæti starfsskilyrði félagsmanna.

Lögðum mikla áherslu á átakið „Allir vinna“

Covid - 19 hefur haft gríðaleg samfélagsleg áhrif sem ekki síst kemur harkalega niður á atvinnulífina og stöðu launamanna. Brýnt er að halda hjólum atvinnulífsins gangandi þrátt fyrir Covid-19.

Ríkisstjórnin greip til margvíslegra aðgerða strax í upphafi farsóttarinnar sem herjað hefur á okkur. Margar þessara aðgerða voru vel heppnaðar, svo sem hlutabótaleiðin og lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Við lögðum mikla áherslu á að horft yrði til þess að framlengja tímabundna hækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts, sem er verkefni sem gengur undir nafninu „Allir vinna“ enda sé það atvinnuskapandi og mikilvægt út frá neytendasjónarmiðum.

Því ber að fagna að orðið var við því og samþykkt var að hækka tímabundið endurgreiðslu virðisaukaskatts, úr 60% í 100%. Þetta er meðal annars hluti þeirra ráðstafana sem gripið var til í því skyni að bregðast við efnahagsástandinu af völdum kórónuveirunnar

Endurgreiðslan er af vinnu manna við íbúðarhúsnæði sem veitt er á tímabilinu 1. mars 2020 til og með 31. desember 2021. Heimild til endurgreiðslu verður jafnframt víðtækari á þessu tímabili en áður og tekur m.a. til frístundahúsnæðis, mannvirkja í eigu tiltekinna félagasamtaka og bílaviðgerða. Við erum sammála megin forsendum þessa

verkefnis, að það sé öllum til hagsbóta að leitað sé til fagmanna hvort sem verkefnið sé stór eða lítil. Verkefnið „Allir vinna“ hefur skilað okkar félagsmönnum aukinni vinnu og verkefnum á þessum erfiðu tímum. Á sama tíma lækkar átakið kostnað almennings en það er mikilvægt að hann geti leitað til fagmanna varðandi byggingarframkvæmdir og bílaviðgerðir og hins vegar verndar það mikilvæg störf í iðngreinum.

Þörf á að ríki og sveitarfélög spýti í lófana

Það er þó ljóst að það fjárfestingarátak sem ríkisstjórnin boðaði, hefur ekki komið að fullu fram. Því er mikilvægt að meiri slagkraftur

halda hjólum atvinnulífsins gangandi og stuðla að því að greiðslur úr ríkissjóði skili mikilvægum, virðisaukandi verkefnum til samfélagsins. Þá er augljóslega tækifæri fyrir sveitarfélögum að nýta sér núna umrædda endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Til lengri tíma litíð felast tækifæri í því að horfa til nýsköpunar og hvernig nýta megi hana til frekari virðisauka fyrir íslenskt samfélag. Næstu misserin skiptir þó öllu máli að gefa í, hvað varðar framkvæmdir hjá hinu opinbera, hvort sem það er ríkisvaldið eða sveitarfélög. Það er til hagsbóta fyrir okkur öll að fá aukna innspýtingu í íslenskt atvinnulíf sem fyrst á nýju ári. Það er ekki eftir neinu að biða og ég vil sjá framkvæmdir hefjast nú sem allra fyrst.

ALVEG LJÓST AÐ SKORTUR ER Á HÚSNÆÐI FYRIR UNGT FÓLK



Hilmar Harðarson
formaður

verði settur í þær framkvæmdir á komandi ári. Ríki og sveitarfélög þurfa að spýta verulega í lófana eins og þau lofuðu. Það hefur í raun aldrei verið mikilvæga en nú á samdráttartímum að stjórnvöld horfi til verkefna sem stuðla að atvinnusköpun. Ljóst er að mörg verkefni koma þar til greina, bæði á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Þá er einnig alveg ljóst að skortur er á húsnæði fyrir ungt fólk. Það er mikil þörf á litlum eignum á markaðinn sem eykur möguleika ungs fólks til að koma sér þaki yfir höfuðið. Það þarf að byggja nýjar og minni íbúðir sem eru praktískar og ódýrari í kaupum og rekstri. Hér eru augljóslega mörg tækifæri í byggingariðnaðinum.

Skortur á viðhaldsframkvæmdum

Verulega hefur skort á viðhaldsframkvæmdir hjá hinu opinbera síðustu misserin og nú er lag að bregðast við uppsafnaðri þörf. Brýnt er að

Það er einnig mikilvægt að erlendir iðnaðarmenn, sem hingað til lands flytja, njóti fullra réttinda. Margir þessara erlendu iðnaðarmanna hafa búið hér á landi lengi. Við þurfum að hlúa að þeim varðandi launamál og önnur réttindi. Erlendir iðnaðarmenn með viðurkennd starfsréttindi frá heimalandi sínu til iðnaðarmannastarfa, eiga fullan rétt á að falla undir kjarasamninga iðnaðarmanna og þeirra yfirborgana sem eru á íslenskum vinnumarkaði. Sinni þeir störfum sem falla undir löggilda iðngrein.

Við horfum vonandi fram á betri tíma. Ég hlakka mikið til að geta heimsótt ykkur á vinnustöðum og jafnframt að félagsmenn geti heimsótt okkur á skrifstofu FIT. Þrátt fyrir alla tæknina og fjarfundina þá jafnast samt ekkert á við það að hitta fólk og eiga eðlileg samskipti augliti til auglitis. Við horfum bjartsýn á árið og vonandi veður allt eðlilegt aftur þegar líður á árið og innan skamms hækkar sól og lífið kemst nær fyrra horfi.



Sumarútleiga orlofshúsa 2021 (júní-ágúst)

Mánudaginn 8. febrúar kl. 13:00 er opnað fyrir umsóknir á orlofshúsasíðu FIT þar sem hægt er að sækja um sumarúthlutun.

Mánudaginn 22. febrúar er lokað fyrir umsóknir um sumarúthlutun.

Föstudaginn 26. febrúar eiga allir að hafa fengið svar við orlofsumsókn sinni.

Mánudaginn 8. mars lýkur greiðslufresti þeirra sem hafa fengið úthlutað.

Miðvikudaginn 10. mars kl. 13:00 eru ógreiddar og óúthlutaðar vikur settar á orlofsvefinn og þá gildir "fyrstur kemur fyrstur fær."

Golf

Golfáhugamenn sem dvelja í eftirfarandi orlofsbústöðum FIT geta nýtt sér þessi fríðindi:

Úthlíð og Bláskógabyggð; Spilað frítt á Úthlíðarvelli þann tíma sem þeir dvelja í bústöðum FIT. Aðgangskortið gildir fyrir 4 spilara á dag hjá Golfklúbbum Úthlíð. Allar upplýsingar í síma 699 5500. Aðgangskortið gildir fyrir bústaðina; Skógarás 1, Kóngsvegur 1, Kóngsvegur 3, Heiðarbraut 8 og Heiðarbraut 10.

Borgarbraut 38 Stykkishólmi; Spilað frítt á Víkurvelli í Stykkishólmi. Aðgangskortið gildir fyrir 4 spilara á dag hjá Golfklúbbum Mosa. Allar uppl. í síma 438-1075. Víkurvöllurinn er rétt hjá orlofshúsi FIT

Öndverðarnes; Fengið 50% afslátt af vallargjöldum Golfklúbbs Öndverðarness eins og þau eru hverju sinni. Skilyrði er að bókað sé á vefnum golf.is Aðgangur gildir fyrir 6 spilara frá hverju húsi. Framvísa skal leigusamningi í golfskála og félagsskírteini FIT. Aðgangur að Öndverðarnesvelli gildir fyrir bústaðina; Grjóthólsbraut eitt til fjögur og Réttarhólsbraut 40.



Allar umsóknir á orlofsvefnum

Eingöngu er hægt að sækja um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir fólki má senda tölvupóst á fit@fit.is eða fá upplýsingar í síma 540-0100.

Ekki er tekið við umsóknum í síma. Þegar sótt er um rafrænt þarf að innskrá sig með íslykli eða rafrænum skilríkjum og velja viðeigandi mánuð og tímabil í því húsi sem leigja á.

Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 11. júní og lýkur 20. ágúst. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag.

Ferðavagnar: Tjaldvagnar, fellihýsi og ferðabifreiðir.

Félagsmenn geta keypt sér afslátt vegna leigu á ferðavagni á orlofsvef FIT. Hægt er að sækja um ferðavagnaafslátt sem einn af orlofskostum þegar sótt er um rafrænt á orlofshúsasíðu, þegar opnað er fyrir umsóknir á orlofssíðu FIT. Þessi orlofskostur lítur sömu reglum og leiga á orlofshúsum FIT.

Í boði verða 30 ferðavagnaafslættir og kostar 5.000 krónur og 20 orlofspunkta að fá 25.000 króna afslátt á leigu. Hver félagsmaður getur einungis keypt einn afslátt. Þegar búið er að greiða fyrir afsláttinn á orlofsvefnum fær félagsmaður sent skjal sem þarf að prenta út og senda ásamt leigusamning á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning félagsmanns.

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera skráður og starfandi ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.

Ferðatilboð. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðatilboð sem hægt verður að nýta hjá Úrval-Útsýn eða Sumarferðum. Kaupa þarf ferðatilboð í miðasölu á orlofsvef FIT og greiða kr. 5.000,- en í staðinn fæst afsláttarkóði upp á kr. 35.000,- sem sleginn er inn við kaup á ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni. Afslátturinn gildir í ferðir á tímabilinu maí til september. Athugið að þeir sem kaupa ferðaávisun geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 26 orlofspunktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keypt er ferðaávisun.

Opnað verður fyrir sölu mánudaginn 8. febrúar og gildir strax að fyrstur kemur, fyrstur fær. Aðeins 30 ferðaávisanir eru til sölu.

Ferðaávisun. Ferðaávisun er inneign, sem félagsmenn geta notað til að greiða fyrir gistingu hjá einhverjum af fjölmörgum samstarfsaðilum okkar. Þú ert ekki skuldbundinn til að nota ávísunina á tilteknu hóteli/gistiheimili, eftir að hún hefur verið keypt. Upphæðina getur þú notað hjá hvaða samstarfsaðila okkar sem er. FIT niðurgreiðir hverja keypta inneign um 20% af að hámarki kr. 15.000 á hverju almanaksári.



Miðasala. Minnum einnig á að á „miðasala“ á orlofsvef FIT verður hægt að kaupa , veiðikortið, útilegukortið og afsláttar-miða í flug ásamt fleiru ef samningar takast um góð kjör.

Afslættir til félagsmanna. Munið að taka kortið með í friið, því að félagsskirteinið veitir afsláttarkjör í mörgum fyrirtækjum um allt land gegn framvísun þess. Hægt er að kynna sér alla afsláttarmöguleika með því að fara inn á heimasíðu FIT, **mínar síður** og velja afslættir.

Húsið í Orlando: Opnað er fyrsta virkan dag í mars kl. 13:00 og þá er opnað fyrir næsta ár á eftir. Dæmi: 1. mars 2021 kl. 13:00 er opnað allt árið 2022.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída fyrir árið 2022 mánudaginn 1. mars kl.13:00 til félagsmanna FIT.

Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólarhringsleigan verður kr. 12.000,- auk þrífagjalds kr. 15.000,- fyrir hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT.

Leiga hefst kl. 16:00 á komudag og lýkur kl. 10:00 að morgni brottfarardags.

LOKAÐ verður til 8. mars á bókanir þeirra sem hafa áður leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa leigt húsið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa leigt.

Til að fá lykklakóða afhentan að húsinu í Orlando þarf leigjandi að framvísa flugmiða til Bandaríkjanna, sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þetta er gert til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli sé sjálfur að fara í húsið.



Um gengni og leiguverð á orlofshúsum FIT

Hér að neðan eru mikilvæg atriði sem vert er að lesa áður en lagt er af stað í orlofshús/íbúð FIT.

- Ef eitthvað er í ólagi í húsinu, skemmist eða brotnar meðan á dvöl ykkar stendur þá látið skrifstofu félagsins vita sem fyrst í síma 540 0100, eða sendið póst á netfangið fit@fit.is.
- Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrifið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur FIT sér rétt til að innheimta sérstakt gjald af leigutaka fyrir þrif. Þrifagjald er að lágmarki kr. 25.000. (fer eftir akstursfjarlægð og umfangi þrifa)
- Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði / eignum FIT er að ræða og kostnaður því samhliða, ber leigutaka að greiða fyrir slíkt.
- Reikningur fyrir þrifum og/eða skemmdum verður sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé reikningur ekki greiddur innan tiltekins frests verður reikningurinn sendur í innheimtu með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmanninn, jafnframt er lokað á aðgang viðkomandi félagsmanns að orlofsvefnum þar til viðkomandi hefur gert upp sín mál gagnvart félaginu.
- Félagmenn FIT fá að hámarki fulla inneign í orlofshúsa-kerfi FIT vegna viðurkenndra kvartana á orlofshúsum/íbúðum FIT. Allar kvartanir þurfa að berast skrifstofu FIT svo fljótt sem verða má. Gott er að senda myndir til staðfestingar ef hægt er.

Umgengni

Göngum snyrtilega um orlofshúsin

Það eru því miður einstaka félagmenn sem ganga ekki snyrtilega um eitur sínar og annarra félagsmanna með nægjanlega mikilli snyrtimennsku og virðingu. Sumir ætlast jafnvel til þess að þeir sem á eftir koma eigi að þrifa skítinn upp eftir þá.

Við eigum að kappkosta að ganga vel um, hvar sem við erum. Við skiljum ekki eftir rusl, matarleifar og óhreinindi í orlofsbústöðunum fyrir næstu félagmenn, heldur göngum frá eftir okkur. Þetta er ekki flókið.

Sýnum félagsmönnum og félaginu þá virðingu að ganga snyrtilega um. Það er gaman að geta hrósað félagsmönnum FIT fyrir góða umgengni í orlofshúsum félagsins en því miður er það ekki algilt.

„Óhreinindastuðull“

Því verður vart trúað að innri maður svo margra félagsmanna FIT sé með þeim hætti sem hann birtist okkur stundum í umgengni húsans. Vissulega hefur fólk mismunandi „óhreinindastuðul“ en stundum er það bara þannig að fólk hefur hreinlega snúið frá og farið heim aftur frekar en taka við húsi sem er óþrifið, með mat í ofni, óhreinnt á borðum og ælu í sturtubotni. Þessi lýsing er sem betur fer sjaldgæf en hún er þó sönn. Hitt er allt of algengt að þriffin séu ekki nógu góð og ekki sé þvegið yfir gólfín, líka þau sem ekki voru notuð, svo sem svefnloft. Það er einfaldlega þannig að alltaf safnast fyrir ryk og kusk þó herbergi eða svefnloft séu ekki notuð og því nauðsynlegt að strjúka yfir þau líka.

Gæludýr

Gæludýraeigendur hafa leyfi til að nýta sér tvö orlofshús FIT til samveru með sínum gæludýrum. Orlofshúsin sem um ræðir þar sem gæludýr eru leyfð eru Kiðárbotnar 1 í Húsafelli og Skógarás 1 í Úthlíð. Vinsamlegast athugið að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðinu. Fólk með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þessa bústaði.

Leiguverð á orlofshúsum FIT er óbreytt enn eitt árið. Þannig viljum við koma til móts við félagsmenn og stuðla að því að sem flestir geti sótt um sumarúthlutun 2021. Við minnum því á að forsenda þess að hægt sé að leigja orlofshúsin út á jafn hagstæðu verði og raun ber vitni er að leigjendum sé treyst fyrir því að þrifa vel við brottför.

Leit að betri framtíð

Á tímabilinu 1870-1914 fluttu um það bil 16.000 Íslendingar til Ameríku í leit að betri framtíð fyrir sig og afkomendur sína og stefndu flestir að varanlegri búsetu. Við tölum stolt um Vestur-Íslendinga. Fyrir utan að vera Vestur-Íslendingar þá varð fólkið einnig Kanada- og Ameríkubúar.

Eins er með fólk sem flytur til Íslands, það er að leita að betri framtíð fyrir sig og afkomendur sína. Með auknum fjölbreytileika á Íslandi, hvað varðar menningu, kynþætti, þjóðerni, tungumál og fleira verður Ísland ríkari í víðasta skilningi þessa orðs.

Enginn skyldleiki fannst

Það er liðin tíð að á Íslandi búi einsleit þjóð þar sem allir tala sama tungumál, því á Íslandi eru rúmlega 15% landsmanna af erlendum uppruna. Þess ber skýr merki þegar farið er yfir félagaskrá FIT, þar eru margir með erlendan bakgrunn og bera „útlensk“ nöfn sem við þekkjum ekki og kunnum jafnvel ekki að bera fram. En það er athyglisvert að þrátt fyrir þessi útlensku nöfn eru margir þeirra jafn miklir íslendingar eins og hver annar sem heitir Jón og Gunna og tala fullkomna íslensku. Stærsti munurinn er kannski að það er ekki hægt að sjá tengslin á Íslendingabók, í fjórða eða áttunda lið. Ein af viðmælendum hér í þessu blaði er orðin íslenskur ríkisborgari en þegar nafn hennar er sett í leitargluggann kemur niðurstaðan strax: Enginn skyldleiki fannst.

Margur gerir sér ekki grein fyrir því hvaða auð við fáum með innflytjendum. Ísland hefur notið þess að fá erlent vinnuafli í miklum uppgangi hér á landi og menning okkar nýtur góðs af þessu bæði í mat, fagþekkingu, trúabrögðum og listum. Það er mikilvægt að fólk með erlendan bakgrunn missi ekki þau sérkenni sem

þeir búa yfir, missi ekki tengsl við menningu sína og tungumál heldur eiga þessir þættir að fá notið sín í samfélagi sem einkennist af fjölmenningu. Þá er jafnframt óhætt að fullyrða að íslenskukunnátta sé lykillinn að þátttöku í íslensku samfélagi.

Hver hefur sína sögu að segja

Við ræðum hér við þrjá unga íslendinga með erlendan bakgrunn. Þessir einstaklingar hafa öll sína einstaka sögu að segja. Það má með sannni segja að þau hafi öll auðgað samfélagið okkar með þeirra þekkingu, krafti og fjölbreytileika.

Málefni innflytjenda á Íslandi þarf að bæta. Við tölum oft um þau út frá okkar sjónarmiði, en veltum sjaldnar fyrir okkur hvernig þeir sem flytjast hingað frá öðrum löndum upplifi okkar samfélag. Með því að velja því oftar fyrir okkur má betur reyna að koma til móts við þarfir fólks með erlendan bakgrunn til að gera þeim kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Við þurfum að fylgjast með að réttindi þessa hóps séu virt og sé ekki skert á nokkurn hátt. Þar geta allir aðstoðað og átt hlut að máli, hvort sem viðkomandi er samstarfsfólk, starfi hjá því opinbera, skólakerfinu eða hjá stéttarfélagi viðkomandi.

Valdi, Deivó og Monsa

Hér eigum við samtal við íslendinga sem tala íslensku en eiga öðruvísi bakgrun en meðal íslendingurinn. Nöfnin þeirra eru Vladyslav Penkovyi, Deivydaz Brazaitis og Monika Ewa Orłowska eða Valdi, Deivó og Monsa eins og þau eru kölluð. Þeirra uppruni er frá Úkraínu, Litháen og Póllandi.

Það er alltaf til gott fólk allstaðar

„Almennt séð er það alltaf erfitt að yfirgefa fyrra líf sem þú hefur byggt upp í 20 ár og byrja síðan alveg upp á nýtt.“



Úkraína er annað stærsta ríki Evrópu að flatarmáli og öldum saman var það kallað matarkista Evrópu og á sér mjög merka sögu en fjölmörg vandamál stöðja því miður nú að ríkinu. Fyrir 7 árum ákvað ungur Úkraínumaður, Vladyslav Penkovyi, að freista gæfunnar og flytja til frænku sinnar á Íslandi. Hann kemur frá bæ sem heitir Nikolaev í Suður-Úkraínu rétt hjá Odessa við Svartahafið og hann hefur samlagast íslenska samfélaginu ótrúlega hratt.

Það fyrsta sem vekur athygli er hversu mikið hann Vladyslav hefur áorkað á þessum stutta tíma. Hann er kallaður Valdi af vinum sínum og talar ágæta íslensku, er orðinn sveinn í húsasmíði og starfar sem slíkur hjá ÍAV.

Ég er forvitinn

Þegar við Valdi settumst niður og fórum að ræða hans sögu þá kom fljótlega upp spurningin um hvers vegna hann hafi flutt til Íslands. „Hvert land hefur sín vandamál sem verða ekki leyst svo auðveldlega og Úkraína hefur vissulega sín vandamál en ég var tilbúinn að nýta öll tækifæri til að kanna heiminn og gera mitt besta fyrir mig og verðandi fjölskyldu mína“ segir Valdi yfirvegaður og heldur áfram. Ég er forvitinn manneskja að eðlisfari sem er alltaf opinn fyrir því að læra eitthvað nýtt. Mér finnst líka mjög áhugavert að læra og venjast nýrri menningu og veðurskilyrðum. Spurður út í það hvernig það hafi verið að alast upp í Úkraínu svara Valdi „Mér fannst þetta frábærlega skemmtilegur tími, ég kláraði grunnskólann, framhaldsskólann og háskóla þar og þetta var frábær tími sem ég átti sem barn og unglingur. Þetta var minn besti tími.“ Þá kemur upp sú spurning hvað hann hafi viljað verða þegar hann var yngri „Ég hélt aldrei að ég yrði smíður eins og ég er í dag eða eitthvað svipað þessu fagi en ég hef alltaf verið forvitinn

um vísindi, tölvuverkfræði og umhverfisverkfræði sem er í dag önnur gráða mín sem ég fékk í háskólanum í Úkraínu.“

Er mikill munur á fólkinu í þessum löndum var næsta spurning til Valda. „Mín skoðun er að fólk sé alls staðar mjög svipað. Allir eiga í vandræðum, eiga í baráttu, og svo á fólk einnig skemmtilegar og fallegar stundir í lífinu. Þannig tengjumst við og skiljum hvort annað



Ég er þarna fremstur á myndinni í 1. bekk. Öll 33 í skólábúningum stillt, þrúð og agi frá byrjun.



Mynd tekin af mér 6 ára við útskrift úr leikskólanum.

jafnvel án þess að kunna tungumálið. Fólk í Úkraínu heimsækir t.d. oft kirkjuna sína og þá sérstaklega um páska og flestir aðhyllast Rétrún-aðarkirkjuna (Orthodox) og þar er mikil trúarhefð. „Það er mikill munur á Íslandi og Úkraínu, þar er t.d. töluð Úkraínska, en í austurhlutanum talar fólk einnig rússnesku. Þegar ég var í skóla fékk ég til dæmis tækifæri til að læra rússnesku líka“

Við höldum áfram á þessum nótum og förum að velta því fyrir okkur hvað hafi verið erfiðast við það að flytja til Íslands frá Úkraínu „Þessi spurning er erfið, sem í raun enginn getur svarað rétt“ segir Valdi hugsi og heldur áfram „Almennt séð er það alltaf erfitt að yfirgefa fyrra líf sem þú hefur byggt upp í 20 ár og byrja síðan alveg upp á nýtt. Ég var 21 árs þegar ég kom hingað og þá þurfti ég að finna nýjar tengingar, kynna, skilja fólk og láta það muna eftir þér. Það var ekki auðvelt en það er alltaf gott fólk alstaðar, eins og góðir kennarar, mentorar og síðast en ekki síst fæ ég stuðning frá frændfólkinu mínu sem býr hér.“ segir Valdi og maður dáist að því hvað hann er jákvæður, bjartsýnn og sýnir mikla þrautseigju.

Réttum stað á réttum tíma

Samtalið tók beygju og við förum að ræða nám hans á Íslandi eftir að hann kom hingað til lands. „Fjölbrautaskóli Suðurnesja er frábær og áhugaverður skóli. Mjög ólíkur þeim skólunum sem ég hafði verið áður í. Þeir eru með ótrúlega góða kennara sem skilja mann og aðstoða. Ég er ekki viss um að ég komi til með að gleyma þeim fljótlega og ég vona að þeir gleymi mér ekki heldur“ segir hann brosandi og heldur svo áfram „Ég ber mikla virðingu þeim og er þakklátur fyrir allt sem þeir gerðu fyrir mig. Námið var frábært og mjög sveigjanlegt og ég gat líka unnið og klárað samninginn minn til að verða smíður hægt og rólega og síðan að taka lokapróf. Námið tók mig 4 ár í skólanum og á 5. ári kláraði ég sveinsprófið mitt. Mér fannst þetta vera áhugaverður tími þarna því að við fengum tækifæri til að smíða næstum hvað sem er sem myndi passa í kennslurýmið og jafnvel sumarbústaðinn sem var þar fyrir utan. Ég held að ég hafi ekki séð neitt þessu líkt í öðrum skólum sem ég hef gengið í“ sagði Valdi og fannst greinilega gaman að rifja upp veru sína í FS.

Hvernig var að fá námssamning fyrir þig? „Reyndar var það ekki

erfitt, sem betur fer, þökk sé kennaranum mínum og vini, honum Róbert, þetta var furðu auðvelt fyrir mig en ég er viss um að það hafi verið erfitt fyrir suma. Sennilega var ég á réttum stað á réttum tíma“ Valdi byrjaði að vinna hjá Íslenskum aðalverktökum í byrjun síðasta árs en hafði áður unnið hjá TSA í Reykjanesbæ. „Vinnan er frábær, ég reyni að gera mitt besta allan tímann. Fólkíð í kringum mig er æðislegt og skemmtilegt, það er alltaf mikilvægt að hafa gaman í vinnunni.“

Þetta er bara rétt að byrja

Hvað með framtíðina, hvaða plön hefur þú? „Ég gæti byrjað að læra arkitektúr eða vinna sem verkfræðingur, sem væri næsta skref á ferlinum áður en ég uppgötva eitthvað nýtt. Flytja kannski til annars lands eða búa hér til æviloka. Kannski að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Mér finnst gaman að búa hér. Möguleikarnir eru svo miklir. Ég tel að þetta sé bara rétt að byrja hjá mér.“ Það er svo sannarlega hægt að taka undir það hjá Valda en vonandi fáum við að halda í hann sem lengst hér á landi.

Að lokum spurðum við þennan unga og hressa mann hvort hann hefði tíma fyrir áhugamál. „Já já, ég fylgist með íþróttum. Finnst gott að hreyfa mig, spila tennis og fara í sund, svo æfi ég heilan með að spila skák. Eins er ég með smá handavinnu, sérsníða hluti úr tré og allskonar efni.“

Við óskum Vladyslav Penkovyi velfarnaðar í hverju sem hann á eftir að taka sér fyrir hendur því eins og hann segir „möguleikarnir eru svo miklir.“





„Af hverju er það svo sjálfsagt að ég tali ekki íslensku af því að ég er með erlent nafn“

Monika Ewa Orłowska heitir ung kona sem flutti aðeins þriggja ára gömul með systur sinni og einstæðri móður frá Póllandi strax eftir fall kommúnismans í Austur Evrópu. Þetta er ein af mörg þúsundum sögum um hetjulegra baráttu ungrar konu sem flytur með börnin sín til annars lands í leit að nýju og betra lífi.

Okkur langaði að kynna örlítið henni Moniku Ewu eða Monsa eins og hún er kölluð. Hún býr í Kjösinni ásamt börnum sínum og manni. Þegar við ræddum við hana fyrst þurfti aðeins að sannfæra hana um að það væri sniðug hugmynd að koma í viðtal en síðan samþykkti hún það og ákvað að svara spurningum okkar. Þetta er mjög stutt útgáfa af hennar sögu.

Allir hafa langanir, þrár og drauma.

Fyrst viljum við vita hvað varð þess valdandi að hún kom til Íslands, Monsa hugsaði sig vel um og sagði svo „Þetta voru mjög erfiðir tímar, strax eftir kommúnisman. Móðir mín, sem var þá nýskilin, flutti með okkur systurnar í leit að nýju og betra lífi. Hún er algjör hetja, þetta hefur ekki verið auðvelt fyrir hana en ég verð henni ævinlega þakklát“ segir hún alvarleg í bragði og heldur svo áfram „Ég fæddist í Gdansk, hafnarborg Póllands, en man voða lítið eftir fyrstu árunum mínum. Óljósar en hlýjar minningar af nánustu fjölskyldu, umhverfinu og leikskólanum.“ Spurð út í það hvort hún muni eitthvað eftir því þegar hún flutti með móðir sinni og systir til Íslands segir Monsa „Ég flutti til Íslands 1992 þá þriggja ára gömul og ég man mjög mikið, miðað við hvað ég var ung. Það fyrsta sem skýtur upp í kollinn, er fegurðin. Þessi fallega náttúra, fjöllin og víðáttan.“ Og hún heldur áfram „Held að það sé meðal annars ástæðan fyrir því að Íslendingar eru með svo stóran „presense“ ef ég leyfi mér að sletta. Við getum allt sem við tökum okkur

fyrir hendur „Ísland er stórasta land í heimi!“ ef ég vitna í hana Dorrit.“ En þegar þú ert flutt til Íslands, hvað er þá það erfiðast við þann flutning „Það eina sem ég man eftir er að mér fannst erfitt, náttúrulega fyrir utan það að geta ekki hitt ættingja, var að skilja ekki tungumálið. Fólk var að tala við mig en ég bara skildi ekki orð og gat ekki tjáð mig. Sem betur fer eru börn gædd þeim eiginleikum að vera eins og svampar þannig að ég var enga stund að læra íslensku.“ segir Monsa.

Spurð út í það hvernig það hafi verið að alast upp með annan fótinn í pólskum siðum og hefðum og hinn í íslenskum, svarar hún „Það var alveg hreint frábært, algjör forréttindi. Þetta er skemmtilegur kokteill af allskonar siðum og hefðum, fallegum og jafnvel fyndnum, sem víkkuðu alveg klárlega sjóndeildarhringinn. Oft drógust forvitnir vinir inn í þetta

„Þetta voru mjög erfiðir tímar, strax eftir kommúnismann. Móðir mín, sem var þá nýskilin, flutti með okkur systurnar í leit að nýju og betra lífi. Hún er algjör hetja, þetta hefur ekki verið auðvelt fyrir hana en ég verð henni ævinlega þakklát.“



sem skapaði fleiri fallegar minningar.“ Í framhaldi spurðum við Monsu hvort hún finni stóran mun á fólki frá Pólandi og Íslandi, svara hún „Nei, í grunninn held ég að við séum öll eins. Allir hafa langanir, þrár og drauma. Það vilja allir fá viðurkenningu og skilning, svo leynast alltaf svartir sauðir inn á milli. Ég hef samt upplifað órlítinn mun á kúltúr, ég fæ það stundum á tilfinninguna að Ísland sé þínu eins og unglingur Evrópu. Ung þjóð, full af orku, ófeimin, kemur sér beint að efninu í stað þess að teygja einhverja lopa. Pólverjar eru aftur á móti aðeins varkárri í samræðum og þar t.d. þekkt ekki að kalla fólk bara fornafni nema það sé einhver mjög náinn manni. Maður notar alltaf „frú“ eða „herra“. En nafnið Monsa, hvernig kom það til „Þegar ég var að læra leiklist byrjaði einhver að kalla mig Monsu og það hefur fests við mig. Ef ég vil vera formleg er það Monika Ewa annars yfirleitt bara Monsa.“

Ólýsanleg tilfinning

Við ákveðum að snúa okkur að öðru og viljum forvitnast hvað hún vildi verða þegar hún yrði stór. „Ég hef alla tíð verið listamaður og náttúru-barn. Mig langaði að verða leikkona, fjöllistarkona og gera eitthvað tengt garðyrkju. Það má eiginlega segja að ég hafi látið þá drauma rætast. Ég er með einhvern grunn í myndlist, útskrifaðist af leiklist-arbraut Kvikmyndaskólans 2013 og hef tekið þátt í ýmsum verkefnum tengdum listum og kvikmyndagerð. Þegar ég átti von á mínu öðru barni ákvað ég þó að draga mig aðeins til baka og gefa fjölskyldunni meiri tíma. Þá fann ég að nú væri kominn tími til að láta annan draum rætast og fór að læra og starfa við skrúðgarðyrkju.“ Segir Monika Ewa og heldur áfram með blik í auga „Það var bara ólýsanleg tilfinning sem helltist yfir mig þegar ég gekk inn í garðskálann í fyrsta skipti. Ég hugsaði vafalaust þetta er eins og „Hogwarts garðyrkjunnar“. Hvert sem ég leit var eitthvað grænt, eitthvað líf, eitthvað spennandi og dularfullt. Svo hitti ég nokkra samnemendur og deildarstjóran minn. Þau tóku öll svo vel og hlýlega á móti mér, það var þá sem að ég vissi að hér ætti ég heima.“ Þetta var augljóslega efni sem kveikir í Moniku og hún heldur áfram að tala um námið í skrúðgarðyrkju sem kennt er á Reykjum í Ólfusi „Námið er ótrúlega skemmtilegt og áhugavert en á sama tíma krefjandi. Námið er vinna, það er bara þannig og þú færð út úr því það sem þú leggur í það. Það hefur ýmislegt gengið á með skólann að undanförunu en þegar kemur að náminu sjálfu erum við mjög heppin með kennara og allt þetta yndislega fólk þarna, starfsmenn og gestakennarar. Það eru allir svo fróðir og hjálpsamir.“ segir hún uppnumin.

Möguleikarnir eru í raun endalausir

Það var ekki hægt að stoppa að ræða um skrúðgarðyrkjuna og okkur langaði að forvitnast um hvað þýðingu það muni hafa fyrir hana þegar hún klárar að verða sveinn í skrúðgarðyrkju. „Vá, góð spurning. Það þýðir að ég gat þetta! Blóð, sviti og tár. Haha. Nei, en svona spauglaust þá þýðir það að ég get kallað mig Skrúðgarðyrkjufraeðing. Það þýðir að ég er búin að læra skrúðgarðyrkju og veit hvað ég syng, þó maður sé nú alltaf að læra meira og bæta við sig þekkingu, allt sitt líf. Það þýðir að draumurinn minn rættist, ég hef meiri skilning á þessu græna, gráa og öllu þar í kring auk þess sem að fleiri dyr hafa opnast.“ En í framtíðinni, hvar sérðu þig eftir 10 ár. „Kannski verð ég áfram í minni núverandi vinnu, kannski fer ég að læra landslagsarkitektúr eða læt annan draum rætast og fer að hanna og búa til náttúruleg leiksvæði fyrir börn eða hlaða torf. Kannski næ ég að blanda saman listum, sköp-



Ég og mamma í sumarfrí í Pólandi 2013.

un og garðyrkju. Möguleikarnir eru í raun endalausir og ég hef mjög margar hugmyndir. Held það sé alltaf best að hafa einhverja stefnu en vera opin fyrir tækifærum.

Nú ákváðum við að spyrja út í alvarlegri mál eins og fordóma, hefur Monika orðið var við fordóma „Já já. Ég fann mikið fyrir því þegar ég var barn, stríðni í skóla og svona, en get ekki sagt að ég upplifi mikla fordóma í minn garð í dag. Má samt til með að nefna það að mér finnst svakalega dónalegt þegar fólk hringir í mig til að selja mér eitthvað eða bjóða mér að taka þátt í könnun og byrjar símtalið á að spyrja „Do you speak english...“ Þá langar mig bara að skella á. Af hverju er það svo sjálfsgagt að ég tali ekki íslensku af því að ég er með erlent nafn?“ Segir hún alvarleg í bragði.

Elskar að leika

Monika Ewa starfar hjá Kirkjugördum Reykjavíkur í Fossvogi og segist vera mjög ánægð þar. „Ég vinn við það sem ég er að læra og mér þykir mjög vænt um vinnustaðinn minn. Það er stefnan að útskrifast vorið 2022. Vinnan er nokkuð fjölbreytt og ég er mjög heppin bæði með kollega mína og yfirmann. Allt frábært fólk og gott að vinna með þeim.

Að lokum spyrjum við um áhugamálin hennar „Mér finnst mjög gaman að lesa, aðallega eitthvað fræðandi, teikna, skrifa og í raun vekur flest allt sem tengist listum áhuga.“ Og hún heldur áfram með ákafa „Að ég tali ekki um kvikmyndaleik, því það er meiri ástríða og vinna og að sjálfsgöðu leiklist, kvikmyndir og leikhús. Ég elska að leika og hef alltaf gert. Það er líka gaman að horfa á aðra leikara og stúdera hvað þeir eru að vinna með. Finnst líka áhugavert að lesa í kvikmyndir. Þæla í táknfræðinni, myndrænu frásögninni og reyna að setja mig inn í hugarheim leikstjórans. Stundum er þetta samt alveg ópólandi, maður getur ekki alveg lifað sig inn í myndirnar og þættina því maður er svo upptekinn af þeirri vinnu sem er á bak við.“ segir hún skellihljæjandi.

Loka loka spurningin til hennar Moniku Ewu Orłowski er; ert þú íslenskur ríkisborgari? „Já heldur betur“ og því miður þurfum við að ljúka þessu skemmtilega samtali við manneskju sem Ísland er svo heppið að eiga.



Það er ekkert skrifað í stein

Spjall við Deivydas Brazaitis

„Mig langaði alltaf til að verða kokkur, fór í MK til að læra kokkinn en það var ekki fyrir mig. Ég fór að aðstoða föður minn sem er bílabraskari, það varð til þess að mig langað að læra meira um bílaviðgerðir. Ég kláraði bifvélavirkjun og kláraði stúdentinn stuttu eftir það“

Deivydas Brazaitis er ungur maður sem kom með foreldrum sínum frá Litháen þegar hann var einungis fimm ára gamall. Foreldrar hans voru að leita að betri framtíð fyrir sig og afkomendur sína eins og fjöldi manna í heiminum í dag. Þegar þau fluttu hingað til lands leigðu foreldrar hans þínu litla íbúð en í dag búa þau í rúmgóðu einbýli og foreldrar hans í góðum störfum og þeim gengur almennt vel í íslensku samfélagi.

Við ákváðum að ræða við Deivó eins og hann er kallaður um reynslu hans komandi ungur frá Eystrasaltsríki. Okkur langaði að forvitnast um hans sögu og spyrja hann nokkurra spurninga. Fyrsta spurningin er auðvitað eins og við spyrjum hér á landi, hvaðan kemur þú? „Ég fæddist í borg sem heitir Alytus en þar búa um 50 þúsund manns, þannig að þetta er alls ekki stór borg en ég man ekki mikið eftir mér þar, því ég flutti ungur til Íslands.“

Erfitt að læra nýtt tungumál

Deivó sem er 24 ára hélt áfram „Foreldrar mínir fluttu til Íslands vegna þess að hér á landi áttu þau meiri möguleika á betra lífi, hærra launum og fleira í þeim dúr. Þegar við fluttum var litáíski gjaldmiðillinn litas með lítið verðgildi og man ég mjög vel eftir því að þegar ég fór til Litháen á sumrin frá Íslandi þá var allt svo ódýrt, gat keypt 10 sinnum meira nammi fyrir peninginn í Litháen heldur en á Íslandi. En það hefur skánað verulega því núna er notaðar evrur í Litháen.“

Deivó segist lítið muna eftir þeim tíma sem hann bjó í Litháen en þegar hann flutti til Íslands man hann eftir því hvað honum fannst erfitt að læra nýtt tungumál því íslenskan er svo ólík litháísku en síðan kom þetta og fljótlega varð hann altalandi á íslensku. Spurður út í það hvernig honum hafi fundist að alast upp með annan fótinn í litháesku síðum og hefðum og hinn í íslenskum sagði

”

Foreldrar mínir fluttu til Íslands vegna þess að hér á landi áttu þau meiri möguleika á betra lífi, hærri launum og fleira í þeim dúr“

hann. „Ég lærði að tala íslensku í skóla en þegar ég var heima talaði ég alltaf litháísku. Fjölskyldan var ekki að horfa á neitt frá Litháen í sjónvarpinu en ég lærði að lesa og tala sæmilega litháísku heima og lærði líka smá rússnesku því foreldrarnir horfðu mjög mikið á rússneskt efni“ og umræðan hélt áfram í þessum dúr „Vinir mínir eru allir íslenskir og af því sem ég hef tekið eftir eru hefðir landanna í raun ekki svo ólíkar að mínu mati.“


Minni fordómar

„Það eru fleiri möguleikar á Íslandi, til að lifa betra lífi og meiri möguleikar á fjölbreyttu námi. Á Íslandi er til dæmis hægt að vera í skóla og vinna á sama tíma en það væri mjög erfitt að gera það í Litháen“ segir Deivó og heldur áfram að bragði „Já það er mjög mikill munur varðandi sum atriði í þessum ríkjum, fólk á Íslandi er fjölbreyttara, fleiri innflytjendur og koma frá mörgum löndum“. Nú leggur bifvélavirkinn ungi enn meiri áherslu á orð sín og verður mjög alvarlegur þegar hann segir „Ég finn einnig fyrir minni fordómum hér gegn öðrum. Það er mikill rasismi í Litháen og sérstaklega miklir fordómar í litlum borgum gegn minnihluta hópum eins og „LGBT“ en það er að skána en það er langt í að það mun vera eins og á Íslandi. Þetta er stórt vandamál í Litháen, ég man enn eftir því að þegar ég var yngri, svona 13 ára, þá var blótað, allskonar orðum, gegn þeim sem var klæddur „hommalega“ og þetta kom frá fólki sem þekktust ekki. Þetta er og hefur alltaf verið svona hjá Austur-Evrópu ríkjum.“

Stoltur af árangri mínum

Við ákváðum að snúa umræðunni að öðru og að því þegar hann hóf nám í Borgarholtsskóla til að læra bifvélavirkjun og hvernig hann kunni við sig þar.

„Það var tekið mjög vel á móti mér þar og það vantaði ekki félagslífið og einnig voru kennararnir mjög færir, námið fannst mér áhugavert, lærði mikið og ég nýti þá kunnáttu sem ég lærði þar daglega“ Deivó heldur áfram og segir stoltur „Ég kláraði bifvélavirkjan 2017 og kláraði stúdentinn stutt eftir það. Ég er mjög stoltur af árangri mínum og var að byrja í iðnmeistararanum sem bifvélavirki.“ Þessi ungi duglegi bifvélavirki hefur einnig sín plön fyrir framtíðina.



„Mögulega eftir 10 ár er ég kominn með mitt eigið fyrirtæki en það kemur bara í ljós seinna. Það ekkert skrifað í stein.“

Það hefur verið afskaplega skemmtilegt og fræðandi að ræða málin við Deivó og að lokum tókum við upp léttara spjall og fórum að ræða við hann um hans áhugamál sem er parkour en íslenska orðið er götuleikfimi og hafa nokkrar fimleikadeildir haldið námskeið í parkour. „Ég æfi parkour, hef æft það núna í um 10 ár og mun gera það áfram. Við vinirnir erum með parkour hóp, FlowOn á Youtube þar getið þið skoðað vikulega upptöku hjá mér og fleirum ef þið viljið.“





Fjölmenning:

Viðhorf, reynsla og opin umræða

Saga innflytjenda í stuttu máli

Þó að almennt sé talið að reynsla íslensku þjóðarinnar af fjölbreytileikanum, sem við höfum orðið vitni að síðustu árin, sé fremur nýtilkomin, er í raun langt síðan fólk fór að flytja til landsins, eins og Snorri Bergson gerir góða grein fyrir í bókinni Erlendur landshornalýður (2014). Fjöldi landsmanna sem tilheyra hópi fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda er stöðugt að aukast. Frá árinu 2000 hefur fjöldi íbúa með annað heimatungumál en íslensku aukist úr 1,5% í 15% (Hagstofa Íslands, 2020). Efnahagsleg þróun og starfumhverfi á Íslandi gerir auknar kröfur um erlent vinnuafli sem hefur haft langvarandi áhrif á starfs- og námsumhverfi íslensks samfélags. Í ljósi þessara samfélagsbreytinga er mikilvægt að skoða viðhorf og framkomu til einstaklinga sem eru að læra íslensku og fóta sig í íslensku samfélagi.

Móttaka, stefnumótun og hrunið

Innflytjendum tók að fjölga verulega þegar um síðustu aldamót en það var þó ekki fyrr en árið 2005 að Velferðarráðuneyti (þá Félagsmálaráðuneyti) gaf fyrst út skýrslu um móttöku og aðlögun nýrra Íslendinga þar sem opinber stefna í málefnum innflytjenda var

mörkuð. Þessi skýrsla kom af stað ferli sem er enn í mótun. Til að byrja með var áherslan á hvernig hægt væri að aðstoða innflytjendur við að aðlagast sem best íslensku samfélagi og frá upphafi hefur verið lögð áhersla á tungumálafærni og að erlent vinnuafli finni sig í lífi og starfi. Ábyrgðin á að vel tækist til var oftast á herðum aðkomufólksins frekar en að um hafi verið að ræða gagnkvæmni í þeim efnum. Svo kom hrunið og kreppa í kjölfarið sem gerði það að verkum að áherslur samfélags og ríkis voru aðrar, en á sama tíma fækkaði innflytjendum talsvert (Hagstofa Íslands, 2016).

Umræðan í samfélaginu og aðgerðir stjórnvalda

Á síðustu fimm árum sést töluverð breyting á samfélagslegri umræðu og aðgerðum stjórnvalda í málefnum innflytjenda, enda hafa aldrei verið fleiri innflytjendur búsettir og starfandi á Íslandi en í dag. Í kjölfarið er hægt að sjá breytingar á áherslum bæði stjórnvalda og á vinnumarkaðinum. Árið 2018 markaði tímamót í lagamma Íslands þegar samþykkt voru lög gegn mismunum á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna sem kváðu á um jafna meðferð á vinnumarkaði. En af hverju eru þessar lagabreytingar mikilvægar? Sjá má á þessum sömu árum töluverðar breytingar í skýrslum og almennum greina-

skrifum ólíkra fagstétta hvað varðar atvinnuþátttöku og viðhorf Íslendinga gangvart nýjum íbúum. Greina má að umræða virðist farin að snúast um sameiginlegar skyldur innflytjenda og heimamanna til aðlögunar, eða gagnkvæma aðlögun eins og það er gjarnan kallað.

Aðlögun eða gagnkvæm aðlögun

Rannsóknir bæði hér á landi og erlendis hafa sýnt að aðlögun innflytjenda að nýjum samfélögum þar sem gert er ráð fyrir að þeir yfirgefi sínar hefðir, venjur og tungumál hefur langvarandi og neikvæð áhrif á líf þeirra. Tvennt spilar inn í þessa neikvæðu þróun í lífi einstaklings sem afsalar sér fyrri reynslu til þess að þóknast nýja samfélaginu. Bæði hefur þessi höfnun áhrif á heilsufar einstaklingsins og sálarlíf hans. En á sama tíma er alltaf hætt á að hversu mikið sem einstaklingurinn leggi sig fram, verði honum hafnað af hinu nýja samfélagi sem veldur því að hann upplifir sig í jaðarstöðu. Við gagnkvæma aðlögun þurfa innflytjendur hvorki að loka á sína menningu og reynslu heldur bæta við í farteski sitt reynslu og menningu hins nýja heimalands. Slíkt skapar rými og jákvæða reynslu fyrir innflytjandann. Með sama hætti krefst gagnkvæm aðlögun að við gerum breytingar á móttökusamfélaginu. Með þessu er ekki átt við að móttökumenningin breytist eða umturnist til þess aðlagast nýjum einstaklingum eða samfélagshópum heldur er þessi breyting hæg, oft án þess að fólk sé meðvitað um hana, en á sama tíma er hún markviss og gefandi. Svo dæmi sé tekið þá eru lagalegar breytingar og nýleg umfjöllun um mikilvægi þess að jafna stöðu innflytjenda á Íslandi merki um þessa gagnkvæmu aðlögun.

Tækifæri til að nota íslenskuna

Hluti af þessari aðlögun er tungumálanotkun og íslenskukennsla. Hér er vert að skoða tvö sjónarhorn þegar kemur að reynslu fullorðinna. Fyrir það fyrsta er aðgengi innflytjenda að íslenskunámi, hvort sem það er í skólum (þá er verið að hugsa til annarrar kynslóðar) eða í gegnum málanám fyrir fullorðna, mjög misjafnt. Hér er mikilvægt að skapa námsumhverfi sem er styðjandi og krefjandi til þess að nemendur geti aukið færni sína í tungumálinu. Þetta umhverfi á ekki einungis að skapast í skólastofum heldur einnig á vinnustöðum og almennt í samfélaginu. Það er mikilvægt þegar verið er að læra nýtt tungumál að fólk fái að æfa sig málinu í hinu daglega lífi.

Íslenska sem samskiptatungumál

Mörg okkar eru daglega í samskiptum við innflytjendur, hvort sem það er á vinnustöðum, í verslunum, á veitingastöðum eða á öðrum vettvangi. Samskiptin geta verið mjög misjöfn og gengið misvel. Það er hér sem ábyrgð okkar er hvað mest. Eins og máltækið segir „æfingin skapar meistarann.“ Hvernig við tökum á móti, umgöngumst og venslumst innflytjendum hefur áhrif á tungumálakunnáttu og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi. Mikilvægt er að við gefum þeim tækifæri til að æfa sig í íslensku, bæði með því að hvetja þá til að sækja hin fjölmörgu námskeið sem eru í boði en ekki er síður mikilvægt fyrir okkur að ávarpa innflytjendur á íslensku. Með því að byrja alltaf á því að ávarpa þau fyrst á íslensku erum við að skapa umhverfi sem gefur fólk færi á að velja sér samskiptatungumálið.



Brynja E. Halldórsdóttir Gudjonsson
Lektor í gagrýnum menntunarfræðum við
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Ef einstaklingurinn treystir sér ekki til að halda uppi samræðum á íslensku þá getur hann beðið um að við skiptum um tungumál. Með þessu sýnum við öðrum virðingu. Enda höfum við sjálf oft reynslu af því að reyna að gera okkur skiljanleg á öðru tungumáli. En ábyrgðinni lýkur ekki hér, heldur er mikilvægt að sýna þolinmæði og skilning þegar við eigum í samskiptum á íslensku við fólk sem á sér annað móðurmál; gefum fólk tíma og rými til þess að tjá sig án þess að grípa fram í fyrir því eða að leiðrétta strax villur í málfari. Annars máls málfraeðingar benda á að í tungumálnámi er mikilvægt að prófa sig áfram og fá rými til að gera mistök. Þetta er líkt og þegar við lærum fyrsta tungumálið, okkur er leyft að spreya okkur og svo er svarað með því að endurtaka og leiðrétta.

Vingjarnlegri og ríkulegri staður á búa

Í lokin er mikilvægt að hafa í huga viðhorf okkar til þess sem er „framandi“. Það er okkur eðlislægt að sækjast eftir því að umgangast fólk sem er líkt okkur eða hefur reynslu sem er lík okkar eigin reynslu. Það er akkúrat í aðstæðum sem eru okkur „framandi“ eins og þegar við sjáum nöfn eða mat sem eru ólík því sem við höfum vanist sem upp vakna blendnar tilfinningar, jafnvel neikvæðar tilfinningar. Í þessum aðstæðum er gott staldra við og ígrunda þessar tilfinningar og spyrja sig hvaðan þær koma. Hvaða reynsla liggur á bakvið þessar tilfinningar? Hvernig er hægt að vinna með þær á jákvæðan máta?

Þegar það tekst verður heimurinn ekki einungis vingjarnlegri staður heldur einnig ríkulegri og skemmtilegri.

FIT blaðið gefið út á netinu og einungis sent til þeirra sem þess óska



Til fjölda ára hefur það tíðkast að senda árlega nokkur blöð til allra félagsmanna Félags- iðn og tæknigreina. Nú er hins vegar komin upp sú staða að póstburðargjöldin hafa hækkað mjög mikið og á sama tíma hafa endursendingar aukist gífurlega. Eins er óvíst hversu mikill lestur er á prentaðri útgáfu blaðsins. Síðast en ekki síst eru það umhverfissjónarmiðin sem þarf að taka tillit til. Á heimasíðu FIT er hægt að nálgast öll blöð og lesa.

Þetta verður því sennilega síðasta blaðið í pappírsmi formi sem sent verður í almennri dreifingu til félagsmanna. Við ætlum hins vegar ekki að hætta útgáfu á FIT blaðinu. Þeir félagsmenn sem þess óska geta áfram fengið blaðið sent til sín í pappírsmi formi því við munum áfram prenta nokkur eintök til að geta sent til félagsmanna. **Þeir sem þess óska geta sent póst á helgaa@2f.is eða helga@2f.is. Einnig er hægt að hringja í símanúmerið 540-0100.**



KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



Available on the



GET IT ON



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk



Kosningar í embætti hjá Félagi iðn- og tæknigreina

Í 17. gr. laga félagsins segir:

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar á milli aðalfunda. Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, sex meðstjórnendur og tveir varamenn, en hitt árið sex meðstjórnendur og þrír varamenn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

Á aðalfundi skal árlega kjósa uppstillingarnefnd, tvo skoðunarmenn reikninga, helming trúnaðarráðs og fulltrúa í fulltrúaráð lífeyrissjóða sem FIT á aðild að. Auk þess skal kjósa fulltrúa á þing ASÍ og Samiðnar þau ár sem þau eru haldin.

Uppstillingarnefnd skal skila tillögum að framboðum í stjórn, nefndir og fulltrúaráð ár hvert og þing Samiðnar og ASÍ þau ár sem þau eru haldin og skal stjórn fyrir 1. febrúar kynna framkomnar tillögur á heimasíðu félagsins og í rafrænu fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til formanns eða stjórnar hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Komi aðeins ein tillaga fram er stjórnin sjálfkjörin, en ef fleiri tillögur koma fram skal viðhöfð allsherjaratkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20. grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir á sama hátt og stjórn. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við árar allsherjaratkvæðagreiðslur skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Tillögur uppstillingarnefndar fyrir aðalfund FIT 2021

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM HELMING STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2023

FORMAÐUR

Hilmar Harðarsson Reykjavík Bifvélavirki

MEÐSTJÓRNENDUR

Helgi Ólafsson Reykjavík Bifvélavirki
Georg Ólafsson Reykjavík Málari
Ástvaldur Sigurðsson Reykjavík Blikksmiður
Vilhjálmur Gunnarsson Akranesi Vélvirki
Ólafur Magnússon Reykjanesbæ Húsasmiður
Sigfinnur Gunnarsson Reykjavík Múrari

VARAMENN

Þorsteinn G Kristmundsson Hveragerði Málari
Ragnheiður Mekkin Ragnarsdóttir Kópavogi Snyrtifræðingur

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM HELMING AÐALMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐ TIL ÁRSINS 2023

1 Ólafur Kristinn Hafsteinsson Hafnarfirði Bifvélavirki
3 Jónas Valgeir Bjargmundsson Reykjavík Bifreiðasmiður
5 Hörður Jóhann Geirsson Reykjanesbæ Bifvélavirki
7 Viðar Guðlaugsson Kópavogi Málari
9 Elías Óskarsson Hveragerði Garðyrkja
11 Gestur Pálsson Garðabæ Bifvélavirki
13 Heimir B Janusarson Reykjavík Garðyrkja
15 Ágúst Guðmundsson Reykjavík Blikksmiður
17 Hermann Halldórsson Kópavogi Bifvélavirki
19 Guðbjörn Árni Gylfason Borgarnesi Vélvirki
21 Unnar Friðrik Sigurðsson Akranesi Vélvirki
23 Sigmar Björnsson Reykjanesbæ Húsasmiður
25 Sveinbjörn Jónsson Reykjanesbæ Málmiðn.
27 Ágúst Einarsson Vestmannaeyjum Húsasmiður
29 Brynjar Jónsson Hafnarfirði Pípulagningam.
31 Svava Ásgeirsdóttir Blöndal Reykjavík Snyrtifræðingur
33 Sveinn Grímsson Reykjavík Múrari
35 Hildur Ingibjörg Sölvadóttir Kópavogi Tækniteknari
37 Ingigerður Magnúsdóttir Mosfellsbæ Tækniteknari

TILLAGA UM HELMING VARAMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐ TIL ÁRSINS 2023

39 Hróbjartur Pálmar Hilmarsson Reykjavík Húsasmiður
41 Guðni Vignir Sveinsson Reykjanesbæ Húsasmiður
43 Einar Helgason Reykjavík múrari
45 Sigmundur Guðmundsson Reykjanesbæ málari
47 Óskar Baldursson Hafnarfirði Garðyrkja
49 Ólafur Þór Karlsson Reykjanesbæ Smiður
51 Bjarni Helgason Reykjavík Bifvélavirki
53 Gunnar Gunnbjörnsson Reykjavík Blikksmiður
55 Guðmundur Bergsson Selfossi Húsasmiður
57 Magnús Heiðar Björgvinsson Akranesi Vélvirki
59 Ægir Magnússon Akranesi Vélvirki

61 Bjarni Árnason Hafnarfirði Húsasmiður
63 Ingimundur Arngrímsson Suðurnesjabæ Vélvirki
65 Halldór Bjarnason Vestmannaeyjum Vélvirki
67 Sigurður Gunnarsson Kópavogi Pípulagningam.
69 Þorsteinn Ingi Sigurðsson Mosvellsbæ Bifreiðasmiður
71 Áslaug Fjöla Vilhjálmisdóttir Reykjavík Tækniteknari
73 Ragnheiður Mekkin Ragnarsd. Kópavogi Snyrtifræðingur

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FYRIR AÐALFUND 2021 UM KJÖRSTJÓRN TIL ÁRSINS 2022

AÐALMENN

Kristinn Bjarnason Reykjavík Bifvélavirki
Logi H Halldórsson Reykjanesbæ vélvirki

VARAMENN

Ólafur Kristinn Hafsteinsson Reykjavík Bifvélavirki
Maron Tryggvi Bjarnason Reykjavík Bifvélavirki

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FYRIR AÐALFUND 2021 UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN TIL ÁRSINS 2022

AÐALMENN

Birgir Gíslason Kópavogi Málari
Ólafur Kristinn Hafsteinsson Hafnarfirði Bifvélavirki

VARAMENN

Unnar Friðrik Sigurðsson Akranesi Vélvirki
Sigfús Birgir Haraldsson Reykjavík Bifvélavirki

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRIÐ 2021

Hilmar Harðarson Reykjavík
Tryggvi Arnarsson Reykjavík
Helgi Ólafsson Reykjavík
Ármann Ægir Magnússon Hveragerði
Georg Óskar Ólafsson Reykjavík
Helgi Pálsson Reykjavík
Sigfinnur Gunnarsson Reykjavík
Einar Þór Gíslason Reykjavík
Vilhjálmur Gunnarsson Akranes
Gunnar Björn Gunnbjörnsson Reykjavík
Sveinn Jónsson Reykjavík
Þorsteinn Kristmundsson Hafnarfirði
Ólafur Kristinn Hafsteinsson Hafnarfirði
Unnar Friðrik Sigurðsson Akranesi
Birgir Gíslason Kópavogi
Kjartan Tómasson Kópavogur
Sigfús Birgir Haraldsson Reykjavík
Úlfar Hróarsson Hafnarfjörður
Gestur Pálsson Garðabær



TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI FESTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRIÐ 2021

Ólafur Magnússon	Reykjanesbæ
Gunnlaugur Hauksson	Suðurnesjabæ
Logi Halldórsson	Reykjanesbæ
Sigmar Björnsson	Reykjanesbæ
Guðjón Þórhallsson	Reykjanesbæ
Sveinbjörn Jónsson	Reykjanesbæ
Ásbjörn Árnason	Suðurnesjabæ

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA 2021

Erlendur G Gunnarsson	Vestmannaeyjum
Rúnar Bogason	Vestmannaeyjum

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRIÐ 2021

Heimir Hafsteinsson	Hellu
Ólafía B. Ásbjörnsdóttir	Hvolsvöllur

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á ÞINGI A.S.Í. ÁRIÐ 2021

Hilmar Harðarson
Tryggvi Arnarsson
Ástvaldur Sigurðsson
Vilhjálmur Gunnarsson

Ólafur Magnússon
Georg Óskar Ólafsson
Heimir B. Janusarson
Einar Þór Gíslason
Helgi Ólafsson
Sigfinnur Gunnarsson
Þorsteinn Kristmundsson
Andrés Haukur Hreinsson
Unnur Ósk Eggertsdóttir
Rúnar Bogason
Logi Halldórsson
Stefán Þór Pálsson
Einar Smári Garðarsson
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Kjartan Tómasson
Kristján Þórðarson
Sigríður Runólfssdóttir
Stefán Sigurþór Agnarsson
Ingigerður Magnúsdóttir
Ragnheiður Mekkín Ragnarsdóttir
Ármann Ægir Magnússon

Tillaga stjórnar fyrir aðalfund FIT 2021

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND MILLI AÐALFUNDA 2021 TIL 2022

Einar Þór Gíslason	Bifreiðasmiður
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Bifvélavirki
Birgir Gíslason	Málari
Heimir B. Janusarson	Garðyrkjumaður
Logi H Halldórsson	vélvirki



KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á BIRTA.IS

Ertu að nýta rétt þinn?

Séreignarsparnaður er viðbót við lögbundinn lífeyrissparnað og er þín eign. Þú ræður hvernig þú ráðstafar honum eftir að þú nærð 60 ára aldri.

Ef þú leggur fyrir 2-4% af launum í **séreignarsparnað** þá bætir launagreiðandi við 2% af launum til viðbótar, sem er í raun launahækkun sem þú fengir annars ekki. Séreignarsparnaður erfist að fullu.

Fylgstu með á sjóðfélagavefnum

Með því að innskrá þig á sjóðfélagavefinn getur þú séð yfirlit um réttindi þín hjá sjóðnum, upplýsingar um séreign og lán. Þú getur einnig skoðað Lífeyrisgáttina þar sem hægt er að sjá réttindi í öðrum sjóðum og reiknað væntanlegan lífeyri miðað við ýmsar valdar forsendur.